

Ed.

225. Frumvarp

til laga um samþykktir um ófriðun og eyðing sels úr veiðiám.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþykkt um ófriðun og eyðing sels úr veiðiám.

2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á að gera samþykkt um eina eða fleiri veiðiár innan sýslu, semur hún frumvarp til samþykktar. Skal því næst kveðja til fundar alla búendur, er veiðirjett eiga í þeirri á, sem samþykktinni er ætlað að ná til, eða land eiga að henni, og eiga þeir atkvæðisrjett á þeim fundi. Sýslunefndin tiltekur fundarstað, en oddviti hennar, eða sá er nefndin hefir kosið til þess, boðar til fundarins og stjórnar honum.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþykktar, sem sýslunefndin hefir áður samþykkt. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykktar með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefir gert, skal kveðja til fundar af nýju. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþykktar, sem hefir eigi náð $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða á samþykktarfundi, er fallið, og má eigi bera það upp af nýju í sýslunefndinni fyr en á næsta aðalfundi hennar.

4. gr.

Nú er samþykkt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og stjórnarráðinu þykir hún koma í bág við grundvallarreglur laga eða rjettindi manna, er þá samþykktin endursend án staðfestingar, og

synjunarástæður stjórnarráðsins látnar fylgja. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi.

Samþykkt, sem stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, sem hún var stofnuð á.

5. gr.

Í samþykkt má ákveða um algerða eyðing eða útrýming sels úr veiði-ám. Þó má eigi með neinni samþykkt raska friðun eggvera, selaláttra eða selalagna, nema fult gjald komi fyrir, slíkt er dómkvaddir menn meta. Gjaldi þessu jafna sýslunefndir niður á þá, er veiðirjett eiga í á þeirri eða ám, er samþykktin gildir fyrir. Sýslumenn innheimta gjaldið, og fylgir því lögtaksrjettur.

Í samþykkt skal ávalt kveða á um eftirlit með því, að henni sje hlýtt, og hvernig kostnaðinn við það skuli greiða.

6. gr.

Fyrir brot gegn samþykkt má ákveða sektir, alt að 100 kr., og skal í samþykktinni ákveða, í hvern sjóð eða til hverra sektirnar skuli renna.

7. gr.

Með brot gegn samþykkt skal farið sem almenn lögreglumál.